

Mánudaginn 29. apríl 1935.

Nr. 65/1933. **Eigandi Flautagerðis Þorsteinn Þ. Mýrmann** (Guðm. Ólafsson)
 gegn
eigendum Stöðvar, Benedikt Guttormssyni og Sigurbirni Guttormssyni
 (Bjarni Þ. Johnson).

Landamerkjамál.

Landamerkjadómur Suður-Múlasýslu 22. júní 1932:
 Landamerki milli jarðanna Flautagerðis og Stöðvar skulu vera þessi:

Að innan Hvanngilslækur úr fjalli niður á svonefnda Útgrund, svo þaðan lina, er fellur saman við þá girðingu, sem gerð hefir verið milli jarðanna, niður í kil sem gengur í norðaustur úr Stöðvará upp í mýrina fyrir utan Silungahyl. Eftir það ræður Stöðvará landamerkjum til árósa.

Eigandi Flautagerðis, Þorsteinn Þ. Mýrmann, greiði kostnað við mál þetta, til sýslumanns kr. 69.50, til Sveins Benediktssonar, kr. 40.00 og til Þorsteins Stefánssonar kr. 40.00.

Dóminum að fullnægja, að því er greiðslu málskostnaðar snertir, með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu er áfrýjað til hæstaréttar með stefnu dags. 4. júlí 1933 að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 21. júní 1933. Fyrir hæstarétti krefst áfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins í héraði verði ómerkt og málinu heimvisað til löglegri meðferðar og að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins. Af hálfu stefndu er þess krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að þeim verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Áfrýjandi byggir ómerkingarkröfu sína á því, að sátta hafi ekki verið leitað um hina endanlegu kröfu hans viðvíkjandi ákvörðun merkjanna. Hin upphaflega krafa hans um setning merkjanna, sú, er hann setti fram í landamerkjadóminum 23. sept. 1931, var á þá leið, að landamerki yrðu sett „úr Hvanngilslæk efst á Útgrund beina sjónhending í Stöðvarkil“, en merki þau, er ábúendur Stöðvar „vilja nú láta gilda, girðinguna og Stöðvará, verði álitin ógild“. Krafa stefndu, er þeir settu þá fram þegar í sama réttarhaldi, var þar á móti sú, að landamerkin yrðu ákveðin, bein lína úr svonefndu Hvanngili í Kíl, sem gengur upp úr Stöðvará utan við svonefndan Silungahyl og þaðan Stöðvará til sjávar“. Um þessar kröfur aðilja leitaði dómarrinn árangurslaust sátta. Síðar undir rekstri málsins, í framhaldssóknarskjali dags. 30. nóv. 1931, krefst áfrýjandi þess, að merkin verði sett „úr Hvanngili niður lækinn á Útgrund, þaðan sjónhending niður mýrar um Stöðvarkilsmynni að landamerkjalínu Hvalness, og Flautagerðisland og Hvalness liggi þaðan samhliða í sjó“. Um þessa kröfu leitaði landamerkjadómurinn ekki sátta og telur áfrýjandi, svo sem fyrr segir, það varða ómerkingu dóms og málsmeðferðar, þar sem hann þarna krefjast að mun meira lands en hann hafi áður gert. Það er að visu rétt, að um þessa kröfu var ekki sérstaklega leitað sátta, en þar sem stefndu kröfðust þess við sáttaumleitunina að Stöðvará réði merkjum til sjávar, en sú krafa útilokar algerlega þessa viðbótarkröfu áfrýjanda, þá má telja, að við sáttafyllinguna hafi komið fram yfirlýsing þeirra um, að þeir mundu því síður fallast á viðbótarkröfuna, enda mótmælti áfrýjandi þegar við

sáttaumleitunin, að Stöðvará yrði talin merki milli jarðanna, þótt það kæmi fyrst fram síðar hversu mikið land sunnan hennar hann vildi fá. Eftir þessu verður að telja sáttaumleitun í málinu fullnægjandi og þar sem engar aðrar ástæður eru fyrir hendi, sem varðað geti ómerkingu hins áfrýjaða merkjadóms, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefndu málskostnað fyrir hæstarétti og ákveðst hann 300 kr.

Því dæmist rétt vera:

Merkjadóminum skal óraskað.

Áfrýjandi, Þorsteinn Þ. Mýrmann, greiði stefndum, Benedikt Guttormssyni og Sigurbirni Guttormssyni, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er risið út af ágreiningi á milli eiganda jarðarinnar Flautagerðis og eiganda jarðarinnar Stöðvar í Stöðvarhreppi, um landamerki téðra jarða.

Eigandi Flautagerðis hefir gert þá kröfu, að landamerkjadómurinn rannsakaði hvort landaskiptalögin geti ekki komið hér til greina, sem í raun og veru mun eiga að þýða það, að mál þetta heyri ekki undir merkjadóm. Byggir eigandi Flautagerðis þessa kröfu sína fyrst og fremst á því, að jarðirnar hafi verið seldar án löglegra landamerkja og að landi Stöðvartorfunnar hafi í raun og veru verið óskipt þegar þær voru seldar, en af vottorðum þeim sem lögð hafa verið fram í málinu, eiðfestum framburði tveggja vitna, landamerkjaskrá, sem umráðamaðurinn, sr. Guttormur Vigfússon gerði árið 1914, svo og þeirri lýsingu á landamerkjum Flautagerðis, sem skráð er í virðingargerð þeirri á Flautagerði, er framkvæmd var

árið 1917 og lögð hefir verið fram í málinu, þykir alveg vafalaust að landi þessara jarða hafi verið skipt og ágreiningur málsaðila heyrir því undir merkjadóm.

Eigandi Flautagerðis hefir fyrst og fremst gert þær kröfur, að merki þau, sem Stöðvareigendur vilja láta gilda, girðingu þá sem nú er og Stöðvará, verði álitin ógild, þar sem girðingin fellur ekki saman við þau merki, sem honum hafi verið sögð og sett, er hann tók jörðina til ábúðar, og þar sem hann áleti að sér sé úthlutað landi af annari jörð, Hvalnesi, með Stöðvará sem landamerkjum, þessu samkvæmt hefir hann krafizt að landamerkin milli jarðanna yrðu sett úr Hvanngilslæg, efst á Útgrund, bein sjónhending, niður mýrarnar í Stöðvarkil. Síðan hefir hann þó breytt þessari kröfu þannig, að landamerkjalínan milli Stöðvar og Flautagerðis verði úr Hvanngili, niður lækinn á Útgrund, þaðan sjónhending niður mýrarnar, um Stöðvarkilsmynni, að landamerkjum Hvalness, og að Flautagerðisland og Hvalness liggi þaðan samhliða í sjó.

Kröfur eigenda Stöðvar eru aftur á móti, að landamerkin verði hin sömu og fram eru tekin í landamerkjaskrá sr. Guttorms Vigfússonar í Stöð, réttarskjal 4: „Að innan Hvanngilslægjar úr fjalli niður á svonefnda Útgrund, svo þaðan lína, er fellur saman við þá girðingu, sem gerð hefir verið milli engja prestssetursins og hjáleigunnar niður í kil, sem gengur í norðaustur úr Stöðvará upp í mýrina fyrir utan Silungahyl. Eftir það ræður Stöðvará landamerkjunum til árósa“, en til vara að landamerki verði ákveðin bein lína úr Hvanngili í kil sem gengur upp úr Stöðvará, fyrir utan svonefndan Silungahyl og þaðan Stöðvará til sjávar.

Kröfu sína byggir eigandi Flautagerðis aðallega á því, að landamerki þau sem hafa verið ákveðin af umráðamanni jarðarinnar, hafi verið all mjög á reiki, þannig hafi hann gefið sér von um að land Flautagerðis yrði fært lengra inneftir heldur en raun varð á, og að landamerkjaskráin 1914 tilgreini önnur merki en þau, sem haldið er fram af eigendum Stöðvar að hafi gilt upphaflega. Þá heldur hann því fram, að Flautagerði hafi verið selt sem $\frac{1}{3}$ úr Stöðvartorfunni, en með þessum landamerkjum geti ekki verið um það að ræða og færir til þess þær ástæð-

ur að landrými og landkostir svari ekki til þriðjungs og því síður möguleikar til útgræðslu túns.

Umráðamaður Stöðvar, sr. Guttormur Vigfússon, hefir aftur á móti haldið því fram, að þegar hann hafi flutt til Stöðvar, 1888, hafi landamerki heimajarðarinnar og hjáleigunnar verið þessi. 1913 hafi hann byggt Þorsteini jörðina með sömu landamerkjum, en árið 1917, þegar virðing fór fram á Flautagerði í tilefni af því, að Þorsteinn sótti um kaup á jörðinni, hafi Þorsteinn farið fram á að merkin yrðu færð innar, þannig að hluti af Stöðvarengjum félli til Flautagerðis, en kvaðst hafa neitað því, en aftur á móti látið það óátalið, að Þorsteinn notaði engjablett sem varð utan girðingar er hann setti um tún og engi Stöðvar vorið 1915, og jafnvel gefið eftir að girðingin réði merkjum milli engja hjáleigunnar og prestssetursins. Þessari umsögn umráðamanns Stöðvar hefir eigandi Flautagerðis mótmælt og hefir hún ekki verið staðfest fyrir rétti.

Málsaðilar virðast sammála um, að Hvanngil og Hvanngilslækur skuli ráða merkjum jarðanna niður á Útgrund, en þá greinir á um hver landamerkin séu úr því, telur eigandi Flautagerðis landamerkin eiga að vera þaðan niður Stöðvarmýrar um mynni Stöðvarkils að landamerkjum Hvalness, og Flautagerðisland og Hvalness liggi þaðan saman til sjávar, en eigendur Stöðvar telja að landamerkjalínan falli saman við girðingu þá, um engi Stöðvar, af Útgrund niður í kíl, sem gengur upp úr Stöðvará utan við Silungahyl og síðan ráði Stöðvará til sjávar.

Landstykki það er deilt er um er því aðallega þrihyrnt svæði úr svokölluðum Stöðvarmýrum, frá Útgrund og niður að Stöðvará, og er breidd spildunnar þar sem hún er breiðust, meðfram ánni, um 120 metrar eftir lauslegri mælingu. Auk þess greinir málsaðila á um, hvort svokölluð Stöðvaralda, sem liggur fyrir botni fjarðarins sunnanmegin Stöðvarár, tilheyrir Stöð eða Flautagerði.

Það virðist löglega sannað í málinu, meðal annars með eiðfestum framburði tveggja vitna, að hin upphaflegu landamerki milli þessara jarða hafi verið bein lína úr Hvanngili á fjalli í kíl sem gengur upp úr Stöðvará fyrir utan svonefndan Silungahyl og þaðan Stöðvará til sjávar.

Byggingarbréf fyrir Flautagerði fékk núverandi eigandi

jarðarinnar, Þorsteinn Mýrmann, ekki þegar hann tók hana til ábúðar, og hann hefir ekki, gegn mótmælum eigenda Stöðvar, fært sönnur á að honum hafi verið byggð jörðin með öðrum landamerkjum, en henni höfðu fylgt frá fornu fari.

Hinsvegjar hefir umráðamaður jarðarinnar, sr. Guttormur Vigfússon, 1914 gert nýja skrá um landamerki milli jarðanna, sem virðist hafa verið miðuð við girðingu þá er hann það ár setti um tún og engjar Stöðvar, en við það færðust landamerkin, á nokkru svæði litið eitt inn á Stöðvarland. Landamerkjaskrá þessi er ekki undirskrifuð af ábúanda Flautagerðis og hefir ekki verið þinglýst, en við þessi landamerki bjó núverandi eigandi Flautagerðis mótmælalaust á meðan hann var leiguliði á jörðinni, og þegar hann sótti um kaup á Flautagerði voru þessi landamerki tekin upp í matsgerðina á jörðinni og sést ekki af skjölum málsins, að Þorsteinn hafi gert nokkra athugasemd við þessi landamerki, hvorki þá er matsgerðin er staðfest né þegar hann sendi kaupbeiðni sína til stjórnarráðsins.

Þar sem því, samkvæmt framanskráðu, verður að telja upplýst hver hin fornu landamerki jarðanna hafi verið, og eigandi Flautagerðis engar sönnur hefir fært á að hann eða nokkur annar ábúandi á Flautagerði hafi búið við þau landamerki, sem hann nú gerir kröfu til að sett verði milli jarðanna, þar sem hann mótmælalaust hefir búið við þá landamerkjaskrá er umráðamaður Stöðvar setti árið 1914, og þar sem hann loks beinlínis virðist hafa keypt jörðina með þeim landamerkjum, sem eru skráð í matsgerð Flautagerðis, verður rétturinn að lita svo á að rétt landamerki milli Stöðvar og Flautagerðis séu þau, sem umráðamaður jarðarinnar setti árið 1914, það er: „Að innan Hvangilslækur úr fjalli niður á svonefnda Útgrund, svo þaðan lína, er fellur saman við þá girðingu, sem gerð hefir verið milli engja prestssetursins og hjáleigunnar, niður í kil, sem gengur í norðaustur úr Stöðvará upp í mýrina fyrir utan Silungahyl. Eftir það ræður Stöðvará landamerkjum til árósa.

Það athugast að landamerki Stöðvar og Hvalness skipta hér ekki máli, þar eð þau liggja öll sunnan Stöðvarar, samanber framlagt landamerkjabréf.

Samkvæmt þessum úrslitum ber eiganda Flautagerðis að greiða allan þann kostnað sem mál þetta hefir haft í för með sér. Það er:

Til sýslumanns	kr.	69.50
— Sveins Benediktssonar	—	40.00
— Þorsteins Stefánssonar	—	40.00

Kr. 149.50

Að öðru leyti þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 29. apríl 1935.

Nr. 110/1934. Sigurbjörg Jónsdóttir

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Indriða Gottsveinssyni

(Th. B. Lindal).

Frávisunardómur felldur úr gildi og máli vísað til efnisdóms.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. dez. 1933: Máli þessu vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, Sigurbjörg Jónsdóttir, höfðaði mál þetta í héraði gegn stefnda Indriða Gottsveinssyni, út af því að hann hafði um mánaðarmótin júní og júlí 1932 látið leggja gaspípur í óleyfi yfir lóð hennar Óðinsgötu 13 inn í hús sitt Óðinsgötu 15, og krafðist hún þess fyrir undirréttinum, að stefndi yrði dæmdur til þess að taka gaspípurnar úr lóð hennar, greiða henni hæfilegar bætur fyrir skemmdir á lóðinni eftir mati óvilhallra manna og